

## Minnisblað

USK24080116



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar óskaði eftir umsögn Vegagerðarinnar vegna fyrirspurnar frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sem borin var upp á fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur 21. ágúst sl. og barst Vegagerðinni með tölvupósti 10. október sl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Flokkur fólksins kallar eftir að fá upplýsingar um hvar Sundabraut á nákvæmlega að liggja?*

*Einnig er kallað eftir hvort talið sé að lagning Sundabrautar í einhverri mynd verði hafin innan 8-10 ára, fyrr en það eða seinna?*

Að auki fylgir fyrirspurninni eftirfarandi greinargerð:

*Nú er hópur að störfum sem ekki virðist hafa hafið neina alvöru vinnu. Brýnt er að hann spýti í lófana og auðvitað að í þeim hópi séu allir sammála um að leggja þurfi Sundabraut. Eins og hún er teiknuð nú, kemur hún ofan í Þorpið og smáhýsin í Gufunesi. Hvort brú (hábrú eða lágbrú) eða göng er vissulega stór höfuðverkur.*

Síða 1/4

### 1. Lega Sundabrautar


Valkostir fyrir legu Sundabrautar liggja fyrir og hafa m.a. verið kynntir í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur, borgarráði og á opnum íbúafundum í Reykjavík í tengslum við kynningu á matsáætlun vegna framkvæmdarinnar.

Í grundvallaratriðum stendur valið á milli brúar eða jarðganga við þverun Kleppsvíkur. Lega Sundaganga er sýnd á mynd 1 en gert er ráð fyrir tveimur gangamunnum á Sæbraut og einum í Gufunesi. Munnar á Sæbraut verða annars vegar norðan við Skeiðarvog og Kleppsmýrarveg og hins vegar á milli Dalbrautar og Klettagarða. Munni í Gufunesi verður í námunda við smáhýsin við Jöfursbás 4.

Í tilfelli Sundabruar (mynd 2) eru til skoðunar mismunandi útfærslur í hæð og lengd brúar auk tenginga Sundabrautar við Sæbraut og innan hafnarsvæðisins. Þá eru til skoðunar nokkrir valkostir í Gufunesi. Í öllum valkostum er gert ráð fyrir því að smáhýsin víki fyrir Sundabraut en leitast er við að lágmarka áhrif framkvæmda á aðrar lóðir.

Frá og með Geldinganesi er í grunninn um eina veglinu að ræða sem bundin er af skipulagi, friðlýstum svæðum og fornminjum. Þó er enn til skoðunar hvar Kollafjörður verður þveraður.


Vegagerðin  
HJJ



Síða 2/4

Mynd 1. Sundabraut um Sundagöng.

Vegagerðin



Síða 3/4

Mynd 2. Sundabraut um Sundabré.

## 2. Yfirstandandi vinna

Nú stendur yfir vinna við frumhönnun allra ofangreindra valkosta Sundabrautar í samstarfi Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar. Þá hafa farið fram á árinu umfangsmiklar jarðtæknirannsóknir til undirbúnings framkvæmda. Samhliða hefur verið unnið að mati á umhverfisáhrifum auk þess sem unnið er að undirbúnungi aðalskipulagsbreytingar vegna Sundabrautar. Rannsóknir og greiningar vegna umhverfismatsins hafa staðið yfir frá vorinu 2023. Stefnt er að því að matsskýrsla verði tilbúin til kynningar í desember.

Vegagerðin

## 3. Sundabré eða Sundagöng

Niðurstöður ofangreindrar vinnu munu skera úr um hvaða valkostur verður ofan á þegar útboðsferli samvinnuverkefnis um Sundabraut hefst, væntanlega á árinu 2025.

#### 4. Framkvæmdatími

Sú tímálína sem unnið hefur verið eftir við undirbúning Sundabrautar byggir á stjórnarsáttmála ríkisstjórnar frá árinu 2021 og samstarfs-sáttmála meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkurborgar. Þar kemur fram að stefnt sé að uppbyggingu Sundabrautar á árunum 2026-2031.

Með hliðsjón af stöðu undirbúningsvinnunnar telur Vegagerðin raunhæft að hefja framkvæmdir við Sundabraut á ofangreindu tímabili og ljúka framkvæmdum innan 8-10 ára. Þessi framkvæmdatími er þó með fyrirvara um niðurstöður umhverfismats og nauðsynlegra breytinga á skipulagsáætlunum Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Vegagerðarinnar

Helga Jóna Jónasdóttir  
verkefnisstjóri Sundabrautar

-----  
Síða 4/4

Vegagerðin